

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt nr. 29/1995 um hundahald á Blönduósi.

#### 1. gr.

Staflíður c í 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Leyfisgjald vegna hundahalds skal greiða til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá sem Blönduóssbær setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlitsins með einstökum þáttum. Blönduóssbær skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 2. gr.

Framangreind samþykkt staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. janúar 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um starfsstig innan lögreglunnar.

#### 1. gr.

*Gildissvið og markmið.*

Reglugerð þessi gildir um störf þeirra starfsmanna lögreglu sem fara með lögregluvald hjá lögregluembættum landsins.

Markmið reglugerðarinnar er að skilgreina verksvið og ábyrgð innan lögreglunnar út frá mismunandi starfsstigum og samræma skipulag lögregluliða.

#### 2. gr.

*Starfsstig innan lögreglunnar.*

Innan lögreglu eru 9 starfsstig og eru þau eftirfarandi:

1. Ríkislögreglustjóri.
2. Vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins.
3. Varalögreglustjóri í Reykjavík og staðgenglar lögreglustjóra.
4. Yfirlögregluþjónar.
5. Aðstoðaryfirlögregluþjónar.
6. Aðalvarðstjórar/lögreglufulltrúar.
7. Varðstjórar/rannsóknarlögreglumenn.
8. Lögreglumenn.
9. Lögreglunemar, afleysingamenn í lögreglu og héraðslögreglumenn.

Í skipunarbréfi til lögreglumanns í starfsstigi 6 og 7 skal geta starfsstigs hans. Lögreglumaður skal nota starfsheitið aðalvarðstjóri eða lögreglufulltrúi og starfsheitið varðstjóri